



ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

NR. 10 — MAÍ '79



Útgefandi ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN, félag íslenskra áhugamanna um fjallamennsku, pósthólf 4186, Reykjavík.

Blað þetta kemur út í byrjun annars hvers mánaðar, efni í það þarf að hafa borist ritnefnd fyrir 15. næsta mán. fyrir útkomu blaðsins.

Stjórn ÍSALP:

Formaður: Guðjón Ó. Magnússon, s. 36059
Gjaldkeri: Erlingur Thoroddsen, s. 19828, vinna 83599
Ritari: Ingvar Teitsson, s. 44878, vinna 81200-235
Varaform: Helgi Benediktsson, s. 86139, vinna 12045
Meðstjórn: Björn Vilhjálmsson, s. 16543
Magnús Guðmundsson, s. 30214

Ritnefnd:

Ábyrgðarm. Ingvar Teitsson
aðrir í Einar Steingrímsson
ritnefnd: Magnús Guðmundsson
Sighvatur Blöndahl, s. 44689, vinna 10100
Snorri Egiðsson, s. 31293

Ferðanefnd:

Einar H. Haraldsson, s. 75694
Einar Steingrímsson
Guðjón Ó. Magnússon
Torfi Hjaltason, s. 19367

Húsnefnd:

Björn Vilhjálmsson
Magnús Daníelsen, s. 37227
Sighvatur Blöndahl

Frá stjórninni.....	3
Félagsstarfið í mars og apríl.....	3
Í minningu félaga.....	5
Leiðarvísir ÍSALP-No. 4, Tindfjallajökull- fyrri hluti.....	6
Hvers vegna gerðist ég félagi í Alpaklúbbnum ?.....	14
Kirkjan klifin.....	15
Prímusar handa fjallamönnum.....	17
Mount Rainier.....	25
Ferðir og fundir ÍSALP.....	30

Forsíðumyndin: Ór Tindfjöllum, Tindurinn frá Norðvestri. Ljósmynd:
Jakob Albertsson.

Frá stjórninni:

Eitt af aðalmarkmiðum ÍSALP er að vera vettvangur fyrir áhugafólk um fjallaferðir og klifur. Til að þjóna þessum markmiðum sem best réðst klúbburinn í að leigja húsnæði þar sem nefndir gætu fundað og félagar komið saman á óformlegan hátt til skrafs og ráðagerða.

Alla miðvikudaga frá kl.20.30 er opið hús að Grensásvegi 5 þar er þessi vettvangur sem minnst var á að ofan. Þar geta menn rætt saman, skipulagt sameiginlega ferðir eða kynnt sér bókaeign klúbbsins. Einnig væri æskilegt að menn kæmu með myndir (eða mynd) af stöðum, þar sem hugsanlega væri hægt að klifra eða þá að þetta væru staðir sem vektu áhuga annarra félaga.

Opið hús ætti að vera vettvangur fyrir umræðu um siðfræði (ethics) í íslensku klifri, þ.e.a.s. hvaða reglur hafa gilt, gilda og koma til með að gilda, o.s.frv., o.s.frv.

Í dag er notkun húsnæðisins á miðvikudögum engin. Það er mjög miður og eru félagar eindregið hvattir til að ráða bót á þessu með því að koma. Það er hæpið að það borgi sig að halda úti húsnæði fyrir húsnefndina eina.

Stærsta ferð klúbbsins á þessu ári verður dagana 1.-10. júní næstkomandi. Verður farið í Esjufjöll og Suðursveitarfjöll. Segja má að þessi ferð hafi allt upp á að bjóða sem á verðu kosið og má nefna; tiltölulega lítið kannað svæði, ósnortna tinda, ís og jökul og útlit fyrir klettaklifur. Fyrir utan þessa landfræðilegu kosti, má nefna náttúrufegurð og síðast en ekki síst mikið svigrúm fyrir þátttakendur í ferðinni. Rútur fara daglega yfir Breiðarmerkursand og er því hægt að koma og fara að vild á þessu 10 daga tímabili. Við viljum hvetja féлага til að koma í þessa ferð og vera í 1-10 daga eftir hentugleikum.

Að lokum. Sumarvertíðn er hafin, látið útbúnaðinn og áhugann ekki skemmast og mygla í skápum.

Björn Vilhjálmsson

FÉLAGSSTARFIÐ Í MARZ OG APRÍL:

Hengilnámskeiðið var haldið um helgina 10.-11. marz. Ekið var að morgni 10.mars inn fyrir Kolviðarhól og gengið norður með vesturhlið Hengilsins, yfir Húsmúlann. Tjaldað var og grafin snjóhús í brekkunum ofan við Engidal. Eftir það var farið til æfinga, m.a. kannað leiðarval og mat á snjóflóðahættu. Einnig var farið í

notkun ísaxar, mannbrodna, snjóankeris ofl.

Um nóttina snjóaði drjúgt og skemmdust tjöld nokkuð af snjóþyngslunum. Morguninn eftir var gengið inn með vesturhlíðum Skeggja, síðan klifið upp vestan og síðan sunnan í fjallinu. Eftir að upp var komið var klifrað um stund utan í Henglinum, en yfirvofandi snjóflóðahætta takmarkaði þó aðgerðir. Var svo haldið niður og dótið tekið saman.

Þátttakendur voru 12, að leiðbeinenda Helga Ben. meðtöldum.

Félagsfundur var haldinn 21. mars að Grensásvegi 5. Vegna mistaka varð minna úr dagskránni en ætlað hafði verið, en Ágúst Guðmundsson ofl. sýndu litskyggnur.

Tindfjallaferð var farin helgina 24.-25. mars. Farið var úr bænum á 6. tímanum. Gengið úr Fljótsdal af stað á 9. tímanum. Blíðskaparveður var, hélst svo báða dagana.

Eftir hádegi á laugardaginn var farið upp á jökul, gengum við m.a. á Ými, hesta tind jökulsins. Þjatviðri var slíkt, að vel sá til kennileita á Öræfajökli. Færi var geysihart, rifhjarn og vindpakkaðir renningsskaflar. Var skíðafæri því erfitt.

Um nóttina áttum við ágæta vist í Efstaskála, komum með hreinlætisvörur ofl. fyrir skálann.

Á sunnudagsmorguninn lögðum við af stað láust fyrir kl.8. Gengum við fyrst inn í skíðadal og sáum þar ummerki eftir geysimikið snjóflóð sem nýverið hafði fallið úr vesturhlíð Hornklofa. Klifum við svo upp suðvesturhrygginn á Hornklofa, ágætt broddafæri.

Eftir það reyndu sumir við Tindinn að norðan en urðu að snúa frá vegna snjóflóðahættu. Aðrir gengu á Saxa.

Þátttakendur voru 6.

Páskaferðin og Háusúluferðin féllu niður vegna þátttökuleysis.

Ingvar Teitsson.

SMÁAUGLÝSINGAR

Til sölu:

Ein Edelweiss líflína 80m, 9mm rauð og blá. Línan er ónotuð. Verksmiðjuinnsiglingin ennþá á línunni. Uppl. í síma 36059 hjá Guðjóni Ó Magnússyni.

Einnig til sölu á sama stað Terrordactyl, hamar og öxi.

Til sölu:

Tvöfaldir Scarpa fjallgönguskór ásamt auka innri skóm. Einnig Iser bindingar fyrir fjallaskíði. Uppl. gefur Þór Ágisson í síma 31293.

Í minningu félaga



Stefán
Baldursson

Þriðjudaginn 6. mars síðastliðinn fórust þeir Stefán Baldursson og Sveinbjörn Beck í snjóflóði í Esju. Höfðu þeir lagt í fjallgönguna laust eftir hádegis á samt þriðja manni og voru á niðurleið vestan í Þverfellshorni er snjóflóðið féll á þá. Árni Geirsson, sem með þeim var slapp við snjóflóðið og náði í hjálp. Mikill fjöldi manna úr björgunarsveitum á Reykjavíkursvæðinu tók þátt í leitinni, en þeir félagar voru látnir þegar þeir fundust.

Stefán Baldursson var einn af stofnfélögum ÍSALP. Hann var fæddur 7. des. 1960 og var því aðeins 18 ára gamall þegar hann lést. Hann byrjaði snemma að ganga á fjöll, hvattur af bróður sínum, Jóni Baldurssyni, sem mun klúbbfélögum að góðu kunnur. 1978 gekk hann í Hjálparsveit skáta í Reykjavík og þótti þar drjúgur liðsstyrkur.

Þó að ekki yrði ævidagur Stefáns á fjöllum eins langur og efni stóðu til hafði hann víða farið hér innanlands. Hafði hann m.a. heimsótt Tröllaskaga milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar og gengið á Hvannadalshnúk. Klifrari var hann óragur en þó gætinn og átti hann þar framtíðina fyrir sér.

Stefáni Baldurssyni kynntist ég fyrst sumarið 1977 í Kerlingarfjöllum. Vorum við þar á ferð með FÍ. Þá gengum við saman á Loðmund, glæsilegastan tind í Kerlingarfjöllum. Var það fyrsta en ekki síðasta ganga okkar saman þó að þær hefðu að skaðlausu mátt vera miklu fleiri. Á ferð með Stefáni nutu menn ávaxta þeirra hæfileika, sem hann hafði til að bera umfram flesta aðra, en það voru glöðverð og ríkulegt skopskyn. Það var erfitt að vera alvarlegur í návist hans og minnst ég þá sérstaklega Hrútfellsferðar ÍSALP á síðastliðnu sumri.

Þó að fjallamennskan væri hans aðaláhugamál var hann ekki ein-skorðaður við hana. Hann var m.a. ritstjóri vísindablaðs MR, þar sem hann stundaði nám. Það er jafnan sagt að maður komi í mannsstað. Svo má vera, en staða Stefáns Baldurssonar sem vinar og félaga verður vandfyllt. Bræðrum hans, þeim Jóni og Ólafi og aðstandendum hans öðrum votta ég samúð mína og ég veit að þar tala ég fyrir munn klúbbfélaga allra.

Magnús Guðmundsson

Leiðarvísir ÍSALP:

No 4: TINDFJALLAJÖKULL fyrri hluti

YFIRLIT:

Segja má, að Tindfjallajökulssvæðið sé þyrping hnúka og strýta með jökulfönnum í öllum hærri lögðum. Svæðið afmarkast að austan og sunnan af Markarfljóti og Fljótshlíð, en að norðvestan af Rangárvöllum og Eystri-Rangá. Fjallasvæði þetta er mjög mótað af eldi og ís, víða eru lítt veðraðir gígar og jafnvel hverahitur á milli jökulfanna. Ekki mun þó hafa gosið á svæðinu síðan sögur hófust. Hæstu tindarnir hér eru með þeim svipmestu á Suðurlandi, gnæfa fulla 1300 m yfir aura Markarfljóts. Tindfjallajökull er einn af minni jöklum landsins, ca. 6x6 km að stærð og yfirleitt lítt sprunginn, nema á stöku stað seinni part sumars.


Fáförult mun hafa verið um Tindfjallajökul fram um 1940. Fyrst um það leyti fengu mörg helstu kennileiti svæðisins ákveðin nöfn. Guðmundur Einarsson frá Miðdal og Jón Eypórsson munu eiga heiðurinn af flestum þeim nafngiftum.

Helstu kennileiti á Tindfjallajökulssvæðinu:

Ymir, 1462 m yfir sjó, hæsti tindur jökulsins. Stakur kollur í suðaustanverðum jöklinum, allbrattur að norðan. Áföst honum að austan er strýtan Yma, 1448 m. Í bjartviðri er geysivíðsýnt af Ymi. Einkum er tilkomumikið að sjá hina stórskornu norðurhlið Eyjafjallajökuls með falljökulunum tveimur, Gígjökli og Steinsholtsjökli.

Ásgrindur nefnist röð hnúka í norðanverðum jöklinum, 2-3 km norðan Ymis. Hnúkaröð þessi liggur frá austri til vesturs og ber þar hæst rauðleitan gjallgíg, Sindra, 1289 m. Milli Ymis og Ásgrinda fellur helsti skriðjökull svæðisins til austurs, niður í gil Eystri-Botnaár.

Saxi, 1305 m, nefnist fjallsegg með A-V stefnu í vesturjaðri jökulsins. Norður af Saxa er bratt niður í Austurdal, dalverpi, sem að norðan takmarkast af Ásgrindum. Fellur skriðjökultunga frá hájöklinum niður í dalbotninn. Af Saxa er mjög víðsýnt. Fæst þaðan góð yfirsýn yfir megnið af Tindfjallajökulssvæðinu.



Tindfjallajökull og nágrenni - yfirlitskort

og Saxa er Hakaskarð, um 1080 m, hentug leið milli Efstaskála og jökulsins. Sunnan og austan undir Haka er Skíðadalur (Tindfjallajökulsdalur skv. korti). Þar um liggur fjölfarin leið upp á jökul, um Búraskarð.

Í suðvesturjaðri jökulsins, um einn km SA af Saxa, rís formfagur gjallgígur, Búri, um 1230 m hár. Milli hans og austurhorns Saxa er lægð, Búraskarð. Í miðju skarðinu gægjast nokkrir drangar, Búrasker, upp úr jökuljaðrinum. Þar hjá er venjulega leiðin á jökulinn, um Hakaskarð eða Skíðadal.

Frá Búra gengur hvass tindaröðull til SSA. Hæsti tindurinn þar heitir Hornklofi, 1273 m, um 0,8 km suður frá Búra. Hornklofi er brattur að sunnan og vestan, má finna þar skemmtilegar ísklifurleið-

ir að vetri til.

Á tindaröðlinum suðaustan Hornklofa ber hæst Tindinn, sem fjallasvæðið er talið draga nafn af. Tindurinn er klettastapi, 1251 m á hæð, brattur á allar hliðar og torkleyfur.

Í nágrenni Tindfjallajökuls eru allnokkrir skálar, sem nota má sem bækistöð, þegar ferðast er um svæðið.

Hentugustu skálarnir eru suðvestan jökulsins. Eru þeir þrír talsins. Hæst stendur Efstiskáli, í um 870 m hæð, rétt við efsta botn Selgils. Skálinn stendur á melöldu, um 1,5 km VSV frá Haka. Eins og getið var um í 8. tölubl. ÍSALP, hefur Alpaklúbburinn nú tekið að sér rekstur skála þessa og eiga félagar klúbbsins þar forgangsrétt að gistingu, þegar eigendurnir, Fjallamenn, eru ekki að nota skálann.

Miðdalur er skáli í einkaeign nokkur hundruð metrum sunnan og neðan við Efstaskála. Skálinn er jafnan læstur.

Tindfjallasel er neðst hinna þriggja skála á svæðinu, í um 700 m hæð, misvísandi 229°, 2,5 km frá Efstaskála. Skálinn stendur á melhrygg á austurbrún Selgils, rétt norðaustan undir Smáfjöllum.

Á Hungursfit, norðaustan Tindfjallajökuls, er leitarmannaskáli, stutt frá veginum um Fjallabaksleið syðri. Skálinn er í um 600 m hæð, eru þaðan 2-3 km að jökulröndinni.

Á Einhyrningsflötum, suðaustan Tindfjallajökuls, er leitarmannaskáli, rétt við bíslóðina, sem liggur inn úr Fljótshlíð upp með Markarfljóti að vestan. Frá skálanum má komast vestur yfir Gilsá og þar upp á jökulinn, rétt austan undir Tindi og Hornklofa, sjá Gilsárleið (No 8) í næsta tölublaði ÍSALP.

Skemmtilegasti tíminn til ferða á Tindfjallajökulssvæðinu er seinni hluti vetrar og fyrri hluti sumars. Þá er venjulega nægur skíðasnjór á öllu svæðinu, einnig bestu aðstæðurnar til ísklifurs.

Veðrabrigði eru oft mjög snögg á Tindfjallajökli og nágrenni og hvassviðri tíð. Eins leggur oft hrímpoku yfir jökulinn undir kvöld. Er þá oft villugjarnt við skálana, enda fátt þar um kennileiti, sérstaklega, þegar verið er á uppleið úr Fljótshlíð.

Besta fáanlegt kort af svæðinu er „Atlasblað“ No 58, Eyjafjallajökull, kvarði 1:100.000. Einnig er fáanlegt „Fjórðungsblað“ í mælikvarða 1:50.000 af svæðinu. Loks má nefna „Aðalkort“ No 6, Miðsuðurland, kvarði 1:250.000.

Af bókum um svæðið er helst að nefna árbók F.Í. 1960, Suðurjökla.

EINSTAKAR LEIÐIR:

No 1: Úr Fljótsdal í Efstaskála:

Hin venjulega gönguleið úr byggð á Tindfjallasvæðið, farið upp frá innsta bæ í Fljótshlíð. Hæg göngu- og skíðaleið.

Lofthlína: 7,5 km.

Lóðrétt hækkun: 750 m.

Áætlaður göngutími: 2 klst. og 30 mín. úr Fljótsdal upp í Tindfjallasel. Þaðan 30 mín. upp í Efstaskála, miðað við gott færi.

Lagt er upp frá Fljótsdal, innsta bæ í Fljótshlíð, gengið upp með Marðará, sem kemur niður austan við túnið. Á sumrin er jeppafært inn yfir Marðará og upp hlíðina þar, allt upp í Efstaskála. Einnig má stundum aka þarna upp á frosti eða hjarni. Hafa ber þó í huga, að Marðará getur bólгнаð upp á skömmum tíma og því orðið torfæra á bakaleiðinni. Bratt er fyrsta spölinn upp frá Fljótsdal, síðan verður



Á leið úr Efstaskála inn í Skíðadal (leið No 2): Hornklofa (til v.) og Tind ber við himin í austri

landslagið meira aflíðandi, jöfn hækkun. Hér er stikuð leið upp milli Marðarár að vestan (utan) og Selgils að austan (innan). Fara má beint frá neðstu stikunni upp í Tindfjallasel, er stefnan 40° misvísandi. Annars er auðvelt að fylgja stikunum upp í Tindfjallasel.

Benda má á, að gönguleiðin beint upp frá bænum í Fljótsdal, vestan Marðarár, þykir falleg. Er þá gengið upp vesturbarm Marðarárgilsins. Er gílinu sleppir, er

farið austur yfir ána og stefnt beint á Tindfjallasel.

Ofan Tindfjallasels er farið upp yfir Selgil og svo upp með gílinu að vestan, uns komið er upp á hjallana, sem Efstiskáli stendur á. Stefnan úr Selinu í Efstaskála er 49° misvísandi.

Frá Efstaskála er stutt og þægilegt að ganga á hæðirnar í kring, t.d. ef veður gefur ekki á hærri tinda. Má hér t.d. nefna Rauðuborg, Þrífjöll, Hanakamb (Litla-Bláfell á korti) og Vörðufell.

No 2: Úr Efstaskála í Búraskarð:

Fjölfarin leið um Skíðadal á Tindfjallajökul. Eðlilegur byrjunaráfangi að lengri göngum um jökulinn. Auðrætt og létt ganga.

Lofthlína: 3 km.

Lóðrétt hækkun: 300 m.

Ætlaður göngutími: 1-1,5 klst.

Frá Efstaskála er stefnt austur á bóginn, fyrst gengið upp í slakka suðvestan undir Haka, svo niður í Skíðadal, með suðurhlíð Haka. Austan Haka er stefnt upp úr botni Skíðadals, fast sunnan austurhorns Saxa, rétt hjá Búraskerjum. Er þá komið í Búraskarð og opnast nú útsýn inn á jökulinn. Héðan má fara í ýmsar áttir, sjá No 3-6.

No 3: Um Hakaskarð í Efstaskála:

Fjölfarin leið af jökli í Efstaskála (og öfugt). Ágæt fjallaskíðaleið, meðan snjór endist. Einnig þokkaleg gönguleið, jafnt aflíðandi.

Lóðrétt hækkun og lofthlína: Sjá No 2.

Ætlaður göngutími: 45-60 mín. fótgangandi. Í góðu skíðafæri allt niður í 5-10 mín. úr Búraskarði í Efstaskála.

Úr Búraskarði er farið vestur eftir suðurhlíð Saxa, stefnt niður í Hakaskarð. Á vetrum getur verið ís og harðfenni í brattri suðurhlíð Saxa, jafnvel hætta á snjóflóðum, eins og víðar á þessu svæði. Vegna íss getur hlíðin verið ófær gangandi mönnum nema á mannbroddum. Einnig ill- eða ófær á gönguskíðum.

Úr Hakaskarði er haldið vestur með norðurhlíð Haka, liggur hér oft samfelld fönn langt fram á sumar. Rétt er að halda til vesturs, uns kemur í gil með stefnu ca. N-S, austan Rauðuborgar. Skal þá fara suður með gílinu og sér nú brátt til Efstaskála, nokkur hundruð metrum sunnar.

No 4: Yfir Saxa í Efstaskála:

Skemmtileg gönguleið af jökli eða á. Gefur góða yfirsýn yfir Tindfjallajökulssvæðið.

Lofthlína: Sjá No 2, þó ívið lengri.

Lóðrétt hækkun: Úr Búraskarði á Saxa 125 m. Úr Efstaskála upp á Saxa: 450 m.

Ætlaður göngutími: 1-1,5 klst. Úr Búraskarði niður í Efstaskála.

Mannbroddar oft nauðsynlegir á vetrum vegna harðfennis.

Úr Búraskarði er farið upp á austurenda Saxa, síðan fylgt háegg fjallsins upp á efsta tindinn (1305 m). Veggbratt er norður af egg-

Inni niður í Austurdal, geta hér verið varasamar hengjur. Vestan við hesta tindinn breikkar egg fjallsins. Má hér fara suður af fjallinu og niður í Hakaskarð, svo sbr. No 3.

No 5: Úr Búraskarði á Hornklofa:

Þægileg gönguleið sumar og vetur, fljótafarið, en skemmtileg leið.



Á Tindfjallajökli austan undir Saxa

og SV. Hér er farið upp norðurhrygginn, jafnan verið utan í austurhlíðinni, því að veggbratt er vestur af. Varast ber þar hengjur í brúninni á vetrum.

Hátindur Hornklofa er dálítill klettadrangur, getur einn maður staðið þar í einu. Er þetta einn besti útsýnisstaður Tindfjalla.

Niður af Hornklofa má fara í ýmsar áttir: Til baka í Búraskarð, niður suðvesturhrygginn í Skíðadal, sjá síðar, eða niður suðausturhrygginn, suður að Tindi.

No 6: Úr Búraskarði á Ými og Ýmu:

Auðveld göngu- og skíðaleið. Fjölfarin, enda hefur hæsti tindur svæðisins sterkt aðdráttarafl.

Loftlína: 2,5 km upp á Ými. Þaðan um 0,5 km á Ýmu.

Lóðrétt hækkun: 300 m.

Áætlaður göngutími: 1 klst upp á Ými. Þaðan 20-30 mín. yfir á Ýmu.

Oft eru sprungur utan í Ými, einkum að sumarlagi. Er jöklalína því æskileg.

Gengið er til ANA úr Búraskarði. Jökullinn er hér flatur og lítt

Loftlína: 1,5 km.

Lóðrétt hækkun: 100 m.

Áætlaður göngutími: 30 mín.

Úr Búraskarði er stefnt suður að gjallgígnum Búra, gengt er upp á hann hvar sem er. Búri er hæstur að suðaustan, gengið er þar suður af gígnum niður á hrygginn, sem tengir Búra við Hornklofa.

Hornklofi er esk. þríhyrndur pýramídi, ganga hryggir út frá tindinum til N, SA



Horft af Ými til Ýmu
og Mýrdalsjökuls

eða ekki sprunginn.

Oft er gengið upp jökulbundu, sem gengur til VNV frá Ými. Þar stutt neðan Ýmis stendur lítil strýta upp úr jöklinum, nefnd Drýli. Hér eru gönguskíði og bakpoki oft skilin eftir, meðan gengið er upp. Fjallaskíði er þó rétt að taka með alla leið upp á Ými.

Algengast er að ganga á Ými að norðvestan, fast vestan við klettastapann Snaga, sem skagar þar út úr Ými. Á Snaga eru oft sérkennilegar ísmyndanir á vetrum. Vestan í Ými og kringum Snaga er oft nokkuð sprungið. Einnig er hér oft þörf mannbrodda vegna harðfennis.

Varða er á hákolli Ýmis, 1462 m yfir sjó. Víðsýnt er hér mjög, m.a. sér til kennileita á Örfajökli og Langjökli, þegar bjart er yfir.

Austur af Ými er gengið niður þægilegan hrygg í skarðið milli Ýmis og Ýmu. Svo er brölt upp á Ýmu að vestan, farið upp sunnanvert í hrygg þeim, sem tengir hjónakornin saman. Hér er mikið lausagrjót að sumarlagi, verður gangan þá hálfgerð brölt.

Af Ýmu fæst gott yfirlit yfir svæðið næst austan við, s.s. Hítagsbrúnir, skriðjökullinn norðan og austan Ýmu, gljúfur Markarfljóts og vesturbrún Mýrdalsjökuls, þar sem mest ber á Entugjanni.

Á bakaleið má fá nær samfelld rennsli ofan af hákolli Ýmis niður í Búraskarð og þaðan um Hakaskarð í Efstaskála.

No 7: Frá Hungursfit í Efstaskála:

Skemmtileg leið þvert norðan yfir Tindfjallajökul, úr skála í skála. Fyrst og fremst sumarleið, meðan bílfært er um Syðri-Fjallabaksleið. Hentug gönguskíðaleið.

Lofthlína: 10 km, en oftast yrði farið með ýmsum útúrdúrum.

Lóðrétt hækkun: 600-700 m, af Hungursfit upp á Ásgrindur.

Áætlaður göngutími: 5-6 klst. í góðu færi. Lengur, ef margir útúrdúrar eru teknir.

Hvítmögu, sem kemur hér frá norðurrótum Tindfjallajökuls. Er stefnt upp í breitt gil, sem mikil jökulfönn, Brattafönn, lítt sprungin, gengur niður í ofan frá Ásgrindum. Hingað er um hálf tíma gangur frá skálanum.

Venjulega er auðvelt að spora sig upp Bröttufönn. Þar fyrir ofan er komið upp á lítt sprungnar jökulfannir norðan á Ásgrindum. Hér er um tvennt að velja: Í fyrsta lagi að ganga til SV og suður af Ásgrindum vestarlega. Hins vegar er skemmtilegur útúrdúr að fara fyrst til SSA, upp á gíginn Sindra, austast á Ásgrindum. Oft er tjörn í gígnum á sumrin. Er hédan víðsýnt til norðurs og austurs.

Frá Sindra er auðveldast að ganga vestur eftir Ásgrindum, því að hér er víða snarbratt suður af, niður á sprunginn jökulinn milli Ýmis og Ásgrinda. Um 1,5-2 km vestan Sindra er rétt að fara suður á aðaljökulinn, sem er þar í um 1200 m hæð, lítt sprunginn. Þaðan er hentugast að stefna til SSV, rétt austan Saxa, og er þá auðratað niður í Búraskarði.

Ef farið væri á gönguskíðum úr Búraskarði á Sindra, mætti reikna með hálfis annars tíma ferð, skemmtileg vetrarganga. Væri þá bakaleiðin nokkru fljótlegri, enda undan fæti.

Ef gengið er á Ými á leiðinni frá Hungursfit, skal stefna norðvestan á Ými, þegar komið er suður af Ásgrindum, sjá annars leið No 6.

Frá Búraskarði í Efstaskála, sjá leiðir No 2, 3 og 4.

Í næsta tölublaði ÍSALP verður lýst fleiri leiðum á Tindfjallajökulssvæðinu. Efnið reyndist of yfirgripsmikið til að rúmast sæmlega í einu hefti.

Ingvar Teitsson
Rúnar Nordquist
Guðjón Halldórsson
Magnús Hallgrímsson

RADÍÓBÚÐIN

SKIPHOLTÍ 19

styrkir útgáfu blaðsins

Hvers vegna gerðist ég félagi í Alpaklúbbnum?

Á seinni áratugum hefur áhugi á náttúru landsins farið vaxandi og á ég þar ekki við áhuga vísindamanna, sem lengi hefur verið fyrir hendi, heldur almennings. Þessi áhugi beinist að jarðfræði landsins, gróðri eða dýralífi. Vanalega beinist áhuginn að einhverju tilteknu sviði náttúrunnar eða jafnvel einhverju takmörkuðu sviði af þeim aðalsviðum, sem nefnd voru hér að ofan.

Eitt þessara sviða tengist mjög fjöllunum og er raunar flokkað undir íprótt, en það er það, sem á erlendu máli er nefnt "alpinismus" og hefur fengið þetta heit af Alpafjöllunum, þar sem telja má, að verið hafi upphaf þessarar ípróttar. Þessi íprótt má teljast frábrugðin öðrum ípróttum að því leyti, að þeir, sem hana stunda verða að treysta nær eingöngu á sinn eigin þrótt og úthald og dómgreind við að ná takmarkinu. Náttúran ein er það, sem fjallgöngumaðurinn verður að glíma við og sigra. Í þessu heiti felst einnig annað og meira en venjuleg fjallganga, þó að hún geti að vísu verið mismunandi erfið, það er fjallaklifur og jöklaferðir.

Fyrir rúmlega tveimur árum sá ég þess getið, að stofnaður hefði verið félagsskapur þeirra, sem áhuga hafa á þessari íprótt og var félagsskapurinn nefndur "Íslenski Alpaklúbburinn". Er heiti klúbbsins í stíl við það, sem er í mörgum öðrum löndum, þar sem slíkir klúbbar eru starfandi.

Um langt árabíl hef ég haft áhuga á þessari íprótt þótt ég hafi ekki haft aðstöðu til að stunda hana nema að takmörkuðu leyti, þ.e. að því leyti sem telja má til hennar venjulegar fjallgöngur, án klifurs. Áhugi minn á ípróttinni og útiveru og náttúruskoðun yfirleitt varð til þess, að mig fýsti að kynnast félagsskapnum nánar þó að ég væri kominn af þeim aldri, sem menn stunda þessa íprótt almennt. Ég tók því þá ákvörðun að gerast félagi í klúbbnum, þó ekki til þátttöku í hinum erfiðari hluta starfseminnar, nema sem áhorfandi, heldur í því skyni að styrkja félagsskapinn.

Það hefur orðið mér óþægja að fylgjast með starfseminni í gegnum lestur blaðsins og með því að mæta á fundi og mér hefur orðið ljóst, að í forystu þessa félagsskapar hafa valist ungir fullhugar, sem líklegir eru til að láta gott af sér leiða fyrir áframhaldandi þróun þessarar göfugu ípróttar. En það er ekki aðeins gengið að starfi með kappi fullhugans heldur einnig með þeirri aðgát

og fyrirhyggju, sem er nauðsynlegri við iðkun þessarar íþróttar en flestra annarra.

Ísland hefur upp á margt það að bjóða, sem þessi íþrótt þarf á að halda. Er þar fyrst að nefna fjöllin og jöklana og á margan hátt erfið náttúruskilyrði, sem hvetja dugmikla menn til dæða og veita jafnframt ákjósanleg skilyrði til þjálfunar.

Ég vil óska þeim, sem stóðu að stofnun Íslenska Alpaklúbbsins og mótun hans frá upphafi til hamingju. Jafnframt vil ég hvetja sem flesta til að gerast félagar í klúbbum því með því styðja þeir við bakið á hinum ungu brautryðjendum.

Davíð Ólafsson

Kirkjan klifin



Sunnudaginn 1. apríl síðastliðinn klifu þeir Arngrímur Böndahl Arnór Guðbjartsson og Helgi Benediktsson Kirkjuna, 1747m háan áður óklifinn tind, vestantil í Öræfajökli. Var það allerfitt klifur upp NA-hlíðina, 100 m háan ísvegg. Voru þeir félagar 4^{1/2}

klst. Úr tjaldstað, í um 400 m hæð á Svínafellsjökli, upp að Kirkjunni. Klifrið tók síðan 4 tíma og notuðu þeir ísskrúfur til tryggingar enda meðalhalli brekkunnar 60-70°. Þegar niður af tindinum kom, var stigið á skíðin og 1^{1/2} klst. síðar voru þeir í tjaldstað. Veður var kalt þennan dag, norðaustan stekkingur og frost um -20° C. Á myndinni sést Kirkjan frá NA og tveir þeirra félaga á skíðunum.

BROWN BEST
by Blacks of Greenock

WILDERNESS RANGE



CORDURA®
EXCLUSIVE
FABRIC

Prímusar handa fjallamönnum

Fjöldi prímusa á markaðnum í dag skiptir tugum. Eru þeir misjafnlega girnilegir í augum fjallamanna. Sumir eru það þungir, að þeir henta einungis í húsum eða þar sem ferðast er í farartækjum, aðrir eru léttir sem fis og allt þar á milli.

Ekki henta allar tegundir jafn vel við mismunandi aðstæður. Má þar nefna mikla hæð, kulda og afkastagetu. Hér verður eingöngu fjallað um prímusa, sem taljast brúklegir af fjallamönnum.

Prímusunum má skipta í flokka eftir eldsneyti. Má þar nefna steinolíu, bensín, spritt og gas. Einnig eru til prímusar, sem brenna eldsneyti, sem er í töfluformi (spritt-töflur). Brennslugildi þessara eldsneytistegunda er líkt nema hjá spritti. Brennslugildi segir til um, hversu mikla varmaorku hægt sé að fá úr þyngdareiningu eldsneytisins. Taflan hér á eftir sýnir samanburð á eldsneytistegundunum:

eldsneyti	varmaorka (kkal/kg)
bensín	11291
steinolía	10996
spritt	6449
bútan	11835
própan	11694

Verður hér á eftir fjallað um þessa fjóra flokka prímusa, ásamt athugun á þeim við mismunandi aðstæður.

Bensínprímusar:


Bensín nefnist á erlendum tungum gasoline eða petrol. Eingöngu á að nota hreinsað bensín á bensínprímusa. Það fæst í lyfjaverslunum og á nokkrum bensínstöðvum - og er þá sérpakkað. Í bílabensín eru sett nokkur aukaefni, s.s. blý, sem gefa frá sér varasamar lofttegundir við bruna. Þessi efni geta líka á löngum tíma valdið stíflu í eldsneytisgangi prímusins. Bensín gufar fljótt upp og er mun þrifa-leggra en t.d. steinolía. Hins vegar er það hættumeira í meðförum, því að neisti kveikir auðveldlega í bensíni, en trauðla í steinolíu.

Bensínprímusar eru mjög mismunandi að stærð og yttra útliti, þó brennsluaðferðin svipuð hjá þeim flestum. Eldsneytið er leitt upp

í uppgufunarhólf, þar sem það breytist úr fljótandi formi í loft-kennt ástand. Þessi bensíngufa er svo leidd út í brennarann, þar sem hún brennur. Krani er hafður til að stjórna vökvamagninu inn í uppgufunarhólfið. Með þessum krana er loganum stjórnað.

Flestir hinna minni bensínprímusa hafa kveik, sem flytur bensín- ið úr tankinum að krananum. Oft er þetta með hjálp þrýstings, sem verður til í tanknum, þegar hann hitnar. Sumir bensínprímusar hafa að auki loftdælu, sem er notuð til að hækka þrýstinginn í tankinum. Þeir, sem eru þannig útbúnir, eru ónæmir fyrir hitabreytingum í umhverfinu og þá þarf ekki að einangra eins vel frá undirlaginu og þá loftdælulausu.

Brennaraðnir eru venjulega plötubrennarar. Út um lítið gat á uppgufunarhólfinu streymir bensíngufan. Á leiðinni upp að plötunni blandast bensíngufan hæfilegu magni af lofti. Þessi blanda lendir svo á heitri plötunni og brennur með bláum loga á jaðri hennar, sjá mynd.



Nýtni þessa brennara á eldsneytinu er háð því, hve vel loftið blandast bensíninu, og vinna þeir best á miklum krafti, þ.e. miklum krafti í uppgufunarhólfinu. Ef innstreymi í uppgufunarhólfið er minnkað það mikið, að straumurinn nær ekki plötunni, þá brennur hann með gulum loga upp úr nálargatinu og sót myndast.


Bensínprímusar með þessa tegund brennara henta því best til að ná upp suðu, en ekki til að sjóða við lítinn

hiða í langan tíma.

Einstaka bensínprímusar, en flestir gasprímusar nota netbrennara. Hann hefur þann kost fram yfir plötubrennarann, að eðlilæg brennsla helst, þótt dregið sé niður í prímusnum.

Eftir að bensíngufan hefur yfirgefið nálargatið, blandast hún lofti í sérstöku hólfi með loftgati. Síðan streymir blandan út um mörg göt á brennarahausnum, sjá mynd á næstu síðu.

Bensínprímusa þarf jafnan að forhita.



Steinolíuprímusar:

Á erlendum málum er steinolía nefnd kerosene eða paraffin. Steinolía er mun hættuminna eldsneyti en bensín vegna minni uppgufunar, en í staðinn verður að hafa pumpu á tankinum. Að jafnaði er ekki krani, en brunanum er stjórnað með þrýstingnum í tankinum. Úr tanknum fer steinolían í gegnum forhitunarlagnir, sem logarnir í brennarannum leika um. Af þessum ástæðum eru steinolíuprímusarnir ekki eins næmir fyrir hitabreytingum umhverfisins og bensínprímusar án pumpu. Brennarinn er af plötugerð. Steinolíuprímusar eru mun hættuminni en bensín- og gasprímusar með tilliti til sprengihættu. Steinolíuprímusa þarf jafnað að forhita.

Gasprímusar:

Þeir eru mun einfaldari en bensín- og steinolíuprímusar. Einnig eru þeir þægilegri í notkun, því að ekki þarf að forhita þá. Gasið er geymt í þrýstihylkjum og haldið þar í fljótandi formi. Ef það er ekki geymt í svona hylkjum, gufar það skjótt upp.

Tvær tegundir af gasi eru notaðar á prímusa, bútan og própan. Bútan verður fljótandi við tiltölulega lágan þrýsting. Er því hægt að geyma það í punnum og léttum hylkjum. Própan þarf mun meiri þrýsting til að verða fljótandi. Því þarf mun þykkri og þyngri hylki til að geyma það. Própan hentar því ekki vel til ferðalaga, þegar þarf að bera prímusinn. Til eru tvær tegundir af bútani, normal-bútan og ísó-bútan. Flest gashylki innihalda normal-bútan, en það þarf minni þrýsting en ísó-bútan til að haldast í vökvaformi.

Flestir bútanprímusar vinna þannig, að neðan til í gashylkinu er gasið í vökvaformi, en efst í hylkinu er það í loftkenndu formi við ákveðinn þrýsting. Gas-streyminu út úr hylkinu upp í brennarann er stjórnað með krana, en brennarinn er oftast af net-gerð.

Þrýstingurinn í hylkinu er háður hitastigi umhverfisins og þar

með hylkisins. Ef hitastigið lækkar, minnkar þrýstingurinn í hylkinu. Til þess að gasið nái að streyma út úr hylkinu, þarf þrýstingurinn í því að vera meiri en þrýstingur umhverfisins. Kuldin getur orðið það mikill, að þrýstingurinn í hylkinu verði minni en umhverfisins. Þá streymir loftið inn í hylkið, þegar opnað er fyrir kranann, og þrímusinn virkar ekki. Af þessu má sjá, að brunakraftur gasþrímusa minnkar með auknum kulda.

Jafnþrýstimörkin, þ.e. þegar sami þrýstingur er innan og utan hylkisins, breytast með hæð yfir sjávarmáli, því að þrýstingur umhverfisins minnkar með hæð. Jafnþrýstimörk fyrir normal-bútan við sjávarmál eru við hitastigið $-0,5^{\circ}\text{C}$. Í 2000 m hæð eru jafnþrýstimörkin hins vegar við -6°C . Á þessu sést, að ekki er hægt að nota svona þrímusa á Örfajökli, ef hitastigið fer mikið niður fyrir -5°C nema hita hylkið upp fyrst með einhverjum ráðum. Ísóbútan er betra en normal-bútan að þessu leyti, því að það polir 5°C lægri hita en normal-bútan. Í 2000 m hæð yrðu því jafnþrýstimörk þess við -10°C . Ef bútan er blandað própani, verður það betra í kuldum.

Sum gashylki eru með útbúnað til að gera þau ónæmari fyrir hitabreytingum. Það er gert þannig, að inni í hylkinu er kveikur, sem liggur upp í stút þess. Kveikurinn flytur með sér fljótandi gas, sem verður ekki loftkennt fyrr en það yfirgefur hylkið. Þar við spíssinn er oft komið það nærri brennaranum, að hitinn frá honum nægir til að hækka þrýstinginn - breyta gasinu í loftkennt form.

Sprittþrímusar:

Sprittþrímusar eru einfaldastir að gerð. Brennarinn er opinn og lítt stillanlegur. Spritt er öruggt eldsneyti, því að það springur ekki. Ókostur er, að orkuinnihald sprittsins er mun minna en annars eldsneytis. Spritt er einnig mjög dýrt, en það er þrífalegt og auðvelt að kveikja á því í brennaranum.

ÖRYGGISPANKAR:

Flest óhöpp, sem verða við notkun þrímusa, má rekja til manlegra mistaka og vankunnáttu þess, sem notar þá. Ef þrímusar hitna of mikið, geta þeir sprungið. Til að koma í veg fyrir, að þeir springi er oft settur öryggisventill á geymana, t.d. eru bensínþrímusar alltaf hafðir með slíkum ventli, og er hann gjarnan innbyggður í tappann. Í öryggisventlum eru yfirleitt gormar. Þeir geta festst með árunum, linast eða óhreinindi stíflað þá. Geta ventlarnir þá orðið óvirkir eða opnast af sjálfu sér. Þarf því að skipta um gormana reglulega. Í Optimus bensínþrímusum (tegund 8R) er þrýstingur inni í bensíngeyminum um 0,5 - 1 loftþyngd yfir umhverfisþrýstinginn,

Þegar prímusinn er orðinn þokkalega heitur. Öryggislokin opnar við 5 loftþyngdir, en tankurinn á að þola 7 loftþyngdir. Prímusarnir eru prófaðir við þann þrýsting, áður en þeir eru sendir frá verksmiðjunni.

Hvað er það helst, sem veldur svo miklum hita, að þrýstingurinn margfaldist? Ef notaðir eru of stórir pottar, endurspeglast mikill hiti til baka á tankinn. Þetta gerist helst á prímusum, þar sem pottarnir sitja nálægt brennaranum og tankinum. Ef prímusinn er settur í innilokað skjól, er hætt á, að hann yfirhitni. Ef prímusinn er látinn tæma sig alveg, er hætt á, að hann ofhitni, vegna þess að uppgufunin á eldsneytinu í tanknum heldur hitastiginu niðri. Einnig er hægt að ofhita prímusinn við forhitun. Óhreinindi o.fl. getur einnig valdið því, að prímusinn ofhitni.

Hvað gerist svo, ef öryggisloki opnar vegna of mikils þrýstings í tanknum? Bensín spýttist út á fullum krafti, og það kviknar í því frá loganum á brennaranum. Þessi bensínlogi getur brennt nærstadda og kveikt í tjöldum og fleiru. Því ættu menn alltaf að hafa þessa hættu í huga og gæta þess, að öryggisventillinn snúi jafnan frá fólki og eldfimun efnum, þegar prímusinn er í notkun.

Bútan-gashylki eiga að þola 16 loftþyngda þrýsting. Í hylkjum með normal-bútan næst þessi þrýstingur við 110°C (við sjávarmál.) Ísó-bútan hylki nær þessum þrýstingi við 93°C . Þess vegna ætti ekki að láta gashylkin hitna meir en sem nemur 50°C , en það veldur um 4ra loftþyngda þrýstingi í n-bútan gashylki.

Við notkun tæmast gashylki ekki alveg, og þegar skipt er um hylki, lækur alltaf eitthvað af gasi út, sem getur valdið sprengihættu. Ráðlegt er því að skipta um hylki úti og fjarri opnum eldi.

SAMANBURÐUR Á NOKKRUM TEGUNDUM PRÍMUSA:

Hvaða prímusar eru bestir? eru það þeir, sem eru fljótastir að sjóða 1 líter af vatni, eru það þeir, sem eru öruggastir, eru það þeir, sem eru léttastir, eru það þeir sem eru síst næmir fyrir kulda umhverfisins os.frv? Best væri, að einn og sami prímusinn hefði alla þessa kosti, en þess er varla að vænta, að prímus, sem hentar vel í sumarferðalag nálægt sjávarmáli, uppfylli allar kröfur, sem gerðar eru til prímusar í háfjöllum. Þó hafa leiðangrar notað venjulega „Camping-Gas S200“-gasprímusar (með bláu fyllingunum) í hlíðum Everest í um 8 km hæð yfir sjávarmáli. Einu breytingarnar, sem voru gerðar, voru þær, að notuð voru hylki með 50/50 blöndu af bútan og própan (í stað 100% bútan). Þeir geymdu prímusana og fyllingarnar inni í tjöldunum. Fyrst eftir að kveikt var á prímusunum, var loginn lítill, en fljótlega hitnuðu tjöldin og prímusarnir með.

Varð þá bruninn kröftugri. Stundum þurfti þó að verma hylkin fyrst með hendi, svo að hægt væri að kveikja á þeim.

Í ofanefndu tilfelli voru prímusarnir notaðir inni og í skjóli. Gæta þarf þess, þegar prímusar eru notaðir inni í þéttum tjöldum, og sérstaklega í snjóhúsum, að þeir geta eytt súrefni loftsins inni og valdið köfnun, ef ekki er haft nægilega stórt loftgat til loft-ræstingar.

Árið 1972 var gerður samanburður á nokkrum tegundum prímusna á vegum tímaritsins Off Belay. Verður hér birt yfirlit úr þessari könnun. Mældur var suðutími á einum l af vatni í 2ja l potti við þrenns konar ytri aðstæður: í logni við $+18^{\circ}\text{C}$, í vindi við $+18^{\circ}\text{C}$ og í logni við -20°C . Við kuldatilraunina var prímusinn kældur yfir nótt með eldsneytinu í (við -20°C) og látinn standa á ísklump, meðan mælingin var gerð. Einnig var gerð athugun á eldsneytisnotkun og nýtni prímusins. Helstu niðurstöður má lesa úr töflunni að neðan:

Prímus	Eldsneyti	Þyngd: fullur tómur	Brunat. á mesta krafti	Suðutími í: logni vindi frosti	Nýtni í logni
Optimus 111B	bensín	1500g 2070g	150mín.	4,5 6,8 5,8	29%
Optimus 8R	—	650— 720—	45 —	11,0 11,3 22,5	45%
Optimus 88	—	1100— ⁺ 1300—	60 —	8,0 13,0 8,0	46%
Optimus 00	steinolía	680— 1250—	150 —	5,5 25,0 6,5	38%
Optimus 77A	spritt	680— ⁺ 830—	30 —	10,5 25,0 25,0	37%
C.-Gas S200	gas	420— 670—	180 —	10,0 25,0 25,0	22%
Globetrotter	—	450— ²⁾ 730—	80 —	11,0 25,0 25,0	22%
Husch	—	90— 245—	120—		


⁺: Með tveimur pottum og pönnu

²⁾ Með tveimur pottum

Globetrotter og Husch voru ekki með í könnuninni, en sami brennari er á Globetrotter og Camping-Gas S200, svo að niðurstöður ættu að vera sambærilegar.

Hinn langi suðutími (mínútur) hjá nokkrum prímusanna í vindi er vegna þess, að þeir mynda lítið skjól sjálfir, en þannig voru þeir prófaðir. Við venjulega notkun í vindi væri þeim skýlt með bakpoka eða öðru heppilegu. Sama er að segja um gas-prímusana. Ef þeir væru notaðir í svona miklu frosti, væri skynsamlegt að einangra þá frá undirlaginu.

Nýtnin í töflunni að ofan segir okkur til um, hversu mikill



Optimus 111B

Optimus 8R


Optimus 77A



Optimus 00



Camping-Gas-Kocher S 200



Globetrotter

Nokkrir helstu ferðaprímusarnir, sem nú eru á markaði hérlandis:

hluti af hitaorku eldsneytisins nýtist við upphitun í suðunni. Þannig þarf hlutfallslega meira eldsneyti til að sjóða einn l af vatni með Optimus 111B en með Optimus 8R.

Út frá töflunni er hægt að áætla eldsneytismagn, sem þarf að hafa með í langferðalag. Ef farið er í nokkurra daga ferðalag, er öruggara að hafa fleiri en einn prímus með, því að ef aðeins einn prímus er með í ferðinni og hann bilar, geta menn verið illa á vegi staddir. Rekstrarkostnaður er minnstur á bensín- og steinolíu-prímusum eða um 1/5 til 1/10 af rekstrarkostnaði gas- og spritt-prímusa.

Væntanlega geta menn nú gert sér ljósari grein fyrir kostum og göllum hinna ýmsu prímusa og eiga auðveldara með að velja sér prímus fyrir sínar þarfir.

Einar Hrafnkell Haraldsson

Allt í útilífið

Yfir 20 gerðir af bakpokum

KLIFURVÖRUR



Core-Tex®
laminate
FATNAÐUR

OG
BAKPOKAR
FRÁ
berghaus

Útilíf

GLÆSIBÆ
SÍMI 30350

Mount Rainier

Hæsta fjall Washingtonfylkis Bandaríkjanna og þriðja hæsta fjall hinna 48 fylkja heitir Mt. Rainier. Hæð fjallsins er 14410 fet eða 4392 m y. sjó, rúmlega tvisvar sinnum hæð Öræfajökuls. Þetta er einstakur tindur, sem rís um 11 þús. fet yfir nágrenni sitt, og tilheyrir fjallgarði þeim, sem Cascade-fjöll nefnast. Þau eru gömul felllingafjöll á Kyrrahafsströndinni, og er aðalefni þeirra granít. Víðs vegar á fjallgarðinum eða í námunda við hann hefur svo gosið á seinni tímum, og hafa hlaðist þar upp há fjöll úr basalti og ýmsum lausum gosefnum.

Mt. Rainier er eitt þessara fjalla og hið mesta þeirra, eina og áður er sagt. Aðrir tindar svipaðs eðlis eru Mt. Baker (10750 fet), Mt. St. Helens (9671 fet), Mt. Adams (12307 fet), Mt. Hood (11245 fet) o.fl., allir tilheyrandi Cascade-fjöllum.

Í hlíðum Rainiers eru 12 meiri háttar skriðjökklar, auk margra jökulfanna, og hafa sumir þeirra grafið djúpa dali í hlíðar fjallsins. Ekki hafa nein eldgos orðið úr fjallinu síðan Evrópumenn komu á þessar slóðir fyrir nærri 200 árum, en einhver hreyfing mun þá hafa átt sér stað öðru hverju á síðustu öld. Það er álit jarðfræðinga, að áður hafi Mt. Rainier verið um 16000 fet, og hafi þá verið reglulega lagað keilueldfjall, líkt og Fujiyama í Japan, en hafi svo sprængt af sér ein 2000 fet í ofsalegum gosum.

Árið 1899 var fjallið og næsta nágrenni þess friðað og gert að þjóðgarði, sem þykir vera einn fegursti þjóðgarður Bandaríkjanna

Breski sægarpurinn og landkönnuðurinn George Vancouver kannaði þessar slóðir árið 1792 og skírði fjallið Mt. Rainier til heiðurs vini sínum, Peter Rainier flotaforingja, enda þótt sá maður liti fjallið aldrei augum.

Ýmsir hafa verið óánægðir með þetta nafn og hafa viljað taka aftur upp eitthvert hinna mörgu Indíánanafna, t.d. Tacoma, Tahoma eða Tahob, en þessi nöfn þýða „snjórinn mikli“ eða eitthvað í þá áttina.

Indíánarnir tilbáðu fjallið og trúðu því, að guðirnir hefðu þar aðsetur. Fóru þeir tíðum pílagrímsferðir þangað, en hættu sér þó aldrei of hátt upp. Þegar þeir Stevens og Van Trump klifu fyrstir fjallið árið 1870, fengust Indíánarnir ekki til að fylgja þeim herra upp en að snjó.



Camp Muir og Gibraltar-kletturinn.

Í suðurhlíðum fjallsins er dalur, sem Paradísardalur nefnist. Hann hét á máli indíána Saghalie Illahe, sem þýðir „land friðarins“. Þar var griðland fyrir alla og engin vopn borin.

Ein þjóðsaga Indíána er um mann, sem var alveg blindaður af auragræðgi. Hann hafði fengið vitrun um, að á tindi Tacoma mundi hann finna gnægð skelja, sem voru eins konar peningar þeirra.

Kleif hann tindinn og fann þar þrjá stóra steina. Líktist einn þeirra verndarguði hans. Hann velti steininum og eftir mikinn gröft fann hann mikið magn skelja. Auragræðgin var svo mikil, að honum nægði ekki að taka minna en allar skeljarnar, sem hefðu gert hann ríkastan allra, og í æðinu gleymdi hann að skilja eftir fórn til guðanna.

Skyndilega tók fjallið að nöttra, völdugar eldsúlur risu til himins og vatnsflaumar beljuðu niður hlíðarnar. Ofsahræddur kastaði hann frá sér öllum skeljunum og vissi svo ekki meir af sér.

Löngu seinna vaknaði hann og var þá staddur langt frá tindinum, umkringdur blómum og fuglasöng. Þekkti hann að hann var staddur í Saghalie Illahe, landi friðarins. Var hann nú orðinn gamall maður með hvítt hár niður á herðar. Hann hélt rakiðis til tjald síns, og fann þar konu sína sem einnig var orðin gömul og gráhærð.

Fóru þau nú til heimkynna sinna þar sem þau bjuggu síðan við mikla virðingu, enda voru allir sammála um að hjarta öldungsins hefði bráðnað og vizka hans vaxið á undursamlegasta hátt í ævintýrinu á fjallinu. Varð hann einn frægasti seiðmagnari sinn tíma.

Laugardagsmorgun 21. júlí 1951 fórum við nokkrir félagar úr Seattle Mountaineers af stað frá Seattle og héldum sem leið liggur suður þjóðveg 99 um Puyallup, Eatonville, Elbe og linntum varla ferðinni fyrr en í Paradísardalnum í suðurhlíðum Rainiers. Bílferðin hafði tekið á fjórða tíma og vorum við nú staddir í 5557 feta hæð. Lengra varð ekki komist í bíl.

Þarna hlóðum við á okkur þjörnum okkar og héldum svo af stað upp eftir þægilegum troðningi, sem hlykkjaðist um angandi blóma-brökkur. Fyrst var allmikið af barrtrjám á stangli en brátt vorum við komnir upp fyrir skóginn. Varð þá gróðurinn líkur því sem algengt er á íslenskum heiðum.

Leiðin lá upp eftir hrygg sem teygði sig upp á milli tveggja skriðjökla, Nisqually og Paradísar jöklanna. Ekki þurftum við að klífa neinn bratta þennan daginn en áttum þó allanga leið fyrir höndum.



Nisqually falljökullinn.

Veðrið var eins gott og frekast varð á kosið, glaðasólskin og blíða. Við hvíldum oft, dáðumst að vaxandi útsýni og nutum þess að fara hægt yfir. Tatoosh fjöllin lækkuðu óðum að baki okkar og brátt vorum við komnir upp fyrir hæstu tindu þeirra.

Í lo þúsund feta hæð komum við að myndarlegu húsi hlöðnu úr grjóti og vorum við þá komnir þangað sem ferðinni var heit-

lað þann daginn. Sæluhús þetta heitir Camp Muir og stendur neðst á klettaranum sem Colwlitz Cleaver nefnist. Það er hólfað nokkuð sundur og nokkrar kojur í hverju herbergi. Ekki vorum við bílfélagarnir þeir einu sem þarna voru á ferð. Margir smáhópar voru á leiðinni upp og mun alls hafa verið þarna um 30 manns. Flestir byrjuðu á því að velja sér koju og hófu svo matargerð, en aðrir kusu þó að hreiðra um sig utan dyra. Enn var hlýtt og stillt veður og ekki amalegt að sitja þarna í kvöldsókinni, spjalla saman og dást að hinu fagra útsýni. Sól var ekki af lofti þegar við skriðum í pokana enda átti að ræsa okkur snemma.

Um tvöleytið var kallað að við fengjum hálf tíma til að klæða okkur, snæða og verða ferðbúin. Það var fyrirfram búið að skipa okkur niður í þriggja manna sveitir, sem skyldu fylgjast að og binda sig svo saman þegar ofar drægi og nauðsyn kræfi. Leiðtogi hvernar sveitar skyldi verða fyrstur á kaðlinum og sá veikasti í miðið eins og venja er.

Glaða tunglskin var og svalt í lofti þegar við komum út og ekki

leið á löngu þar til allur hópurinn hélt af stað. Leiðin lá fyrst skáhallt upp eftir jökulfönnum lítt sprungnum. Hjarnið var svo stíffrosið að ekki var viðikit að fóta sig án jöklabrodna. Okkur miðaði vel áfram en þó mun það hafa tekið um tvo tíma að komast upp á há Cowlitz ranann uppi undir Gíbraltar klettinum sem skagar út úr hlíðum fjallsins eins og heljarmikill höfði, þverhniptur á þrjá vegu. Þarna var að um hríð.

Á hafði verið fært eftir sillum utan í Gíbraltarklettinum þannig að engin hæð tapaðist. Fyrir nokkrum árum hafði hins vegar hrunið mikið úr klettunum svo að þessi leið lokaðist og vorum við fyrsti hópurinn sem fékk leyfi til að klífa fjallið þessa leið eftir hrunið. Nú var ekki um annað að ræða en að láta sig síga niður á stalla fyrir neðan okkur. Kaðli hafði verið komið fyrir á þessum stað okkur til öryggis. Létum við okkur fyrst síga niður eftir brattri skriðu og svo fram af tveggja mannhæða háum stalli. Þarna gátum við sleppt kaðlinum og fylgt sillu skáhallt upp eftir. Neðan við okkur skiptust á brattar skriður og klettabelti og þar fyrir neðan brattur og sprunginn skriðjökull, annar armur Nisqually jökulsins. Á hægri hönd höfðum við vesturvegg Gíbraltarklettsins.

Framundan á vinstri hönd voru heljarmiklir íshamrar og slitnar jökullinn þar alveg í sundur. Milli þessara íshamra og klettsins myndast einskonar skarð sem helst mætti líkja við tröppur. Þarna bundum við okkur saman og lögðum í ísprepin sem fyrst í stað voru mjög brött. Við hækkuðum ört og vorum brátt komnir jafnhátt brún íshamrana. Yfirborð jökulsins var afar ógreiðfært þarna á brúnni, alsett ísgöddum með djúpum skorum á milli. Sum þessara öflugu grýlukerta náðu meðalmanni í mitti.



Íshellar í gígnum á Mt. Rainier.

Sólin var komin upp fyrir nokkru en við vorum ennþá í skugganum af Gíbraltarklettinum. Litbrigðin voru hrífandi er sólin og tunglið kepptust um að báða landslagið blæbrigðum sínum.

Klukkan var nálægt átta um morguninn þegar við náðum jökulhálsinum sem tengir Gíbraltarklettinn við háfjallið og vorum við í 12 þúsund feta hæð. Þarna var

hvílt um stund og snætt enda vorum við loks í sólskinu.

Austan við Gíbraltarklettinn fellur Ingraham jökullinn niður brattur og sprunginn og hálfþyllir skarðið á milli Gíbraltar og Little Tahoma sem er há klettastrýta í austurhlíðum Rainiers. Áður hafði Ingraham jökullinn verið vinsæl gönguleið á fjallið en var nú talinn of sprunginn og erfiður uppgöngu. Það mátti sjá að svo var.

Framundan okkur var nú aðeins tæplega 2000 feta ávöl og jökli hulin hábunga fjallsins. Enginn verulegur bratti aðeins þæfings gangur, sprungur fáar og allar lokaðar að mestu. Hæðin var nokkuð

farin að segja til sín sem vænta mátti en þó ekki til ama.

Um ellefuleytið vorum við komnir á gígbarminn og litum yfir þetta heljargímald, hálffullt af snjó. Barmarnir voru auðir að mestu og mun hærri að vestanverðu. heitir það Columbia Crest og mun nafngefandi hafa álitid að þarna væri hæsti tindur landsins. Greinilega mátti sjá að hiti er enn í gígbarminum og myndast víða allstórir íshellar.



Við gíginn á Mt. Rainier - Mt. Adams í baksýn.

Við gengum eftir Columbia Crest og norður fyrir gíginn þar sem við fundum gott skjól innan í gígbarminum. Fólk dreif þarna að úr öllum áttum og varð brátt margt um manninn. Stór hópur hafði komið að norðaustan upp Emmons skriðjökullinn sem er vinsælasta gönguleiðin á fjallið. Annar hópur kom upp á fjallið að suðvestan, svokallaða Kautzleið. Alls munu hafa verið þarna um 80 manns af báðum kynjum og frá 15 til 50 ára aldri.

Sem vænta mátti skyggði hitamóða mikið á útsýni yfir láglandið og hefði ekki veitt af infarauðum filmum til að ná sæmilegum útsýnismyndum. Hæstu fjöllin stóðu þó upp úr mistrinu og mátti greina fjöll norður í Kanada, í rúmlega 300 kílómetra fjarlægð. Af helstu fjallajöfrunum sem þarna blöstu við má nefna Mt. Baker og Glacier Peak í norðri, Olympsfjöllin og Mt. St. Helens í vestri og Mt. Adams, Mt. Hood og Mt. Jefferson í suðri.

Við dvöldumst þarna á tindinum í rúman klukkutíma, tókum myndir (þrátt fyrir móðuna), snæddum og sleiktum sólskinu. Í þessari

hæð er sólin miklu sterkari en niðri á láglendi og því best að gæta sín. Sumir smurðu sig í sólolíu en aðrir lulluðu hvíttri sólmálinu á þá staði andlitsins sem verst urðu úti. Þrátt fyrir allar mínar varúðarráðstafanir og sólbruna fyrir, flagnaði ég samt á enni og nefi eftir þessa fjallgöngu.

Ekki dugði að eyða of löngum tíma þarna uppi, að minnsta kosti fyrir Gíbraltarfólkið, því að búast mátti við grjóthruni úr klettum þegar færi að líða á daginn. Héldum við nú þvert yfir gíginn og sömu leið niður fjallið. Við notuðum áfram kaðla á leiðinni niður, því allur er varinn góður og verra að varast sprungurnar á niðurleið. Ferðin gekk í alla staði greiðlega og okkur miðaði vel niður brekkurnar. Snjórinna var nú orðinn mátulega meir og mjúkur undir fótinn.

Við bílfélagarnir urðum samferða niður fjallið en höfðum dreifst í ýmsar „þrenningar“ á leiðinni upp. Nokkrum sinnum var áð en lengsta áningin var að sjálfsögðu við Camp Muir. Var þar hinna eiginlegu fjallgöngu lokið. Bílferðin til Seattle er varla í frásögur færandi.

Ekki fundum við neinar Indíánaskeljar á tindri Tahoma eða Rainiers fjalls en fjallgangan var þó á allan hátt meir en verð erfiðisins sem á sig var lagt.

Einar P. Guðjohnsen

Ferðir og fundir ÍSALP

16. maí, miðvikud: Félagsfundur

Efni: M.a. rætt um fyrirhugaðar ferðir í Esjufjöllin og Suðursveitarfjöllin, en einnig rætt um Hekluferðina.

19.-20. maí, laugard.-sunnud: Hekla

Rætt verður um ferðina á fundinum 16. maí. Þátttakendur skrái sig á lista fyrir þann tíma eða hafi samband við Guðjón Ó. Magnússon.

1.-10. júní, föstud.-sunnud: Esjufjöll og suðursveitarfjöll

Sjá nánar á bls. 3-4 hér í blaðinu. Hér er ætlunin að kanna fáfarnar slóðir, m.a. í Esjufjöllum. Einnig er ætlunin að reyna við tinda

tinda eins og Þverártindsegg og Birnudalstind.

Rætt verður um ferðina miðvikud. 23. maí á Grensásvegi 5. Ekki er bundið við það, að allir þátttakendur fari austur eða austan saman, menn geta komið og farið að vild. Umsjón með ferðinni hafa Guðjón Ó Magnússon og Þór Ágísson (s. 31293).

15.-17. júní, föstud.-sunnud: Gígjökull-Eyjafjallajökull

Fjallamennskunámskeið í ís. Bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Rætt verður um ferðina miðvikud. 13. júní. Uppl. fyrir ferðina veita einhverjir úr ferðanefnd (sjá bls. 2).

24. júní, sunnud: Stardalshnúkur-kynningaferð

Þar er óvenjulega gott klifursvæði. Svæðið er ekki síðra en á Þingvöllum. Rætt verður um ferðina miðvikud. 20. júní á Grensásvegi 5. Umsjón með ferðinni hafa Björn Vilhjálmsson og Einar Steingrímsson.


6.-8. júlí, föstud.-sunnud: 2 ferðir

1. Hrútfell. Fararstjóri Magnús Guðmundsson.
2. Langjökull-skíðagönguferð (sjá leið 2 í leiðarvísi) Þjófa-dalir-Hagavatn. Fararstjóri Torfi Hjaltason. Gist í skála við Fjallkirkjuna á Langjökli. Rætt verður um ferðina miðvikud. 27. júní.



20.-22. júlí, föstud.-sunnud: Þórisjökull-Prestahnúkur

Rætt verður um ferðina miðvikud. 11. júlí á Grensásvegi 5. Þátttakendur skrái sig á lista á Grensásvegi 5 fyrir þann tíma eða hafi samband við G.Ó.M.

Opið hús á miðvikudögum kl. 20.30 á Grensásvegi 5

REPRO		LINDARGÖTU 48
OFFSETVINNA		
PRENTHÖNNUN		25210

VÖRUR SEM VANDAÐ ER TIL



Paraboot - Galibier



SKÁTABÚÐIN

SÉRVERSLUN
FYRIR
FJALLA- OG
FERÐAMENN.

SNORRABRAUT 58 SÍMI 12045

Rekin af  Hjálparsveit Skáta Reykjavík